

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Atvinnuveganefnd Alþingis



SÝSLUMADURINN

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA

SÍÐA: 1/4
DAGS 10.02.2016

UM BREYTINGU Á LÖGUM UM VEITINGASTADI, GISTISTADI
OG SKEMMTANAHALD, NR. 85/2007 (HEIMAGISTING,
VEITINGASTADIR ÁN ÁFENGISVEITINGA,
ÓTÍMABUNDIN REKSTRARLEYFI). - 457. MÁL

I. Um 1. gr.

Með frumvarpinu verður leyfisskylda vegna heimagistingar afnumin. Samhliða því verður heimagisting takmörkuð við samtals 90 daga á ári „á lögheimili einstaklings eða í einni annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota og er í hans eigu.“

Samkvæmt 18. gr. frumvarpsins er sýslumanni ætlað að hafa eftirlit með heimagistingu. Til þess að eftirlit sé markvisst er mikilvægt að ákvæði laganna um heimagistingu séu skýr.

Taka verður fram hvort þess er krafist að lögheimili einstaklings sem nýtt er til heimagistingar sé í hans eigu, en hvorki tilvitnaður texti í 1. gr. frv. né athugasemdir með greininni taka af skarið um það. Af orðalaginu má ráða að þess sé aðeins krafist að „önnur fasteign [en lögheimili] sem hann hefur til persónulegra nota, sé í hans eigu. Í þessu sambandi er mikilvægt að athuga að þess er ekki krafist í lögum að lögheimili einstaklings sé í hans eigu. Margir lögráða einstaklingar hafa þannig lögheimili hjá foreldrum sínum árum saman eftir að þeir verða lögráða. Margir leigjendur húsnæðis trassa að flytja lögheimili sitt

SÝSLUMADURINN
Á HÖFUDBORGARSVÆÐINU
- REYKJAVÍK

SKÓGARHLÍÐ 6,
105 REYKJAVÍK

KT. 650914 - 2520

SÍMI 458 2000
SMH@SYSLUMENN.IS
WWW.SYSLUMENN.IS

af eign sem þeir hafa haft á leigu. Þá má spyrja hvort gera eigi kröfu um að allir lögráða einstaklingar sem eiga lögheimili á eign þurfi að „heimila“ að eignin sé nýtt til heimagistingar, eða hvort fullnægjandi sé að þinglýstir eigendur sem eiga lögheimili á eigninni standi að útleigunni.

Orðalagið í b. 2. málslíð „Húsnæðið má ekki bjóða til leigu lengur en í 90 daga samanlagt á ári hverju“ er ekki nógu afgerandi. Þó fara megi nærri um hvað þetta merkir í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins er það ekki fyllilega skýrt hvað átt er við.

Er átt við hámark 90 daga leigu á ári fyrir hvort húsnæðið um sig, eða að samanlagður fjöldi útleigðra daga í báðum eignum megi að hámarki vera 90 dagar?

Mun sýslumaður annast eftirlit með þessu skilyrði m.a. með því að yfirfara framlögð nýtingayfirlit á ári hverju.

Ákvæðinn ómöguleiki er til staðar við að halda uppi öflugum eftirliti með útleigu íbúða án verulegs inngríps í líf borgara. Í ljósi þess má ætla að aðilar muni fara fram úr löglegu marki tímalengdar og misnoti heimild sína til að skrá heimagistingu í því skyni að komast hjá leyfisskyldu.

II. Um 12. gr.

Það nýmæli má finna í frumvarpinu (8. gr.) að rekstrarleyfi verði ótímabundin í stað þess að gilda í fjögur ár í senn. Samkvæmt 12. gr. frumvarpsins er sýslumanni heimilt að fella niður rekstrarleyfi, hafi ekki verið nein starfsemi af hálfu leyfishafa á staðnum samfelld í 12 mánuði.

Samkvæmt ákvæðinu skal leyfishafa tilkynnt skriflega um að niðurfelling standi til og honum heimilað að gera athugasemdir við niðurfellinguna.

Sýslumaður getur ekki gefið út tvö ósamrýmanleg rekstrarleyfi á einum og sama staðnum. Þegar ný umsókn berst um rekstrarleyfi á stað þar sem rekstrarleyfi er

fyrir, en starfsemi hefur verið hætt, getur eldra leyfi þar af leiðandi hamlað afgreiðslu máls.

SÝSLUMAÐURINN

Til að flýta fyrir umsóknarferli aðila er mikilvægt að stærsti hluti samskipta þ.m.t. tilkynningar, fari fram með rafrænum hætti. Væri heppilegt að sýslumaður fengi skýrar heimildir til að senda tilkynningar samkvæmt ákvæðinu á skráð tölvupóstfang rekstraraðila, líkt og gert er í tilviki heimagistingar samkvæmt 13. gr. frumvarpsins.

síða: 3/4

Með þeim hætti væri unnt að stytta málsmeðferðartíma.

III. Um 20. gr.

Það nýmæli er að finna í frumvarpinu (8. gr. og 10. gr.) að leyfishöfum og skráningarskyldum aðilum skal úthlutað númeri við útgáfu leyfis eða skráningu starfsemi. Er leyfishöfum / skráningarskyldum aðilum skylt að nota númerið í allri markaðssetningu á starfsemi sinni, svo sem í auglýsingum, á vefsíðum og bókunarsíðum innlendum sem erlendum.

Sýslumönnum er einungis ætlað að hafa eftirlit með skráningarskyldri starfsemi (heimagistingu) sbr. 18. gr. frumvarpsins, Eftirlit með leyfisskyldri starfsemi (gisti- og veitingastöðum) verður áfram í höndum lögreglu sbr. 21. gr. laga nr. 85/2007.

Að því sögðu er sýslumönnum heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem ekki notar númer **rekstrarleyfis** eða **skráningar** í markaðssetningu sbr. 20. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt frumvarpinu er ekki fyllilega ljóst hvort lögregla eða sýslumaður hafi eftirlit með markaðssetningu leyfisskyldrar starfsemi, (gisti- og veitingastöðum).

Mikilvægt er að tryggja samræmda málsmeðferð við framfylgni þessa ákvæðis, þannig að eftirlit með markaðssetningu á gisti- og veitingastöðum annars vegar og heimagistingu hins vegar verði samræmt. Af því leiðir að augljós samlegð væri af því að eftirlit með markaðssetningu leyfisskyldrar starfsemi og skráningarskyldrar starfsemi verði á einni hendi. Hér er því lagt til að sýslumenn hafi eftirlit með markaðssetningu leyfisskyldrar starfsemi, en lögregla hafi á hendi annað eftirlit samkvæmt 1. mgr. 21. gr. laganna.

Þá er vakin athygli á því að skilyrði um notkun skráningarnúmers í allri markaðssetningu tekur hvorki tillit til forms eða miðils auglýsinga. Verður að telja slíkt óundunþægt skilyrði nokkuð íþyngjandi t.d. í tilviki auglýsinga sem sýndar eru í sjónvarpi eða lesnar í útvarpi.

IV. Markmið frumvarps, ný verkefni sýslumanna, kostnaðarmat

Í frumvarpinu er lögð áhersla á að einfalda regluverk m.a. til að bregðast við þróun í gistiframboði og leyfislausri starfsemi. Sýslumaður telur frumvarpið vera nauðsynlegt skref í rétta átt. Breytingar á lögnum fela í sér ný verkefni fyrir sýslumenn. Til þess að tryggja að umræddar breytingar nái markmiði sínu er afar mikilvægt að fjármagn verði tryggt á fjárlögum samkvæmt kostnaðarmati. Meðfylgjandi er PDF skjal með kostnaðarmati Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 14. september 2015.

Virðingarfyllst



Þórólfur Halldórsson

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavík, 14. september 2015

Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagata 4
101 Reykjavík

Efni: Kostnaðarmat sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu vegna aukinna verkefna í tengslum við breytingar á lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Með auknum fjölda ferðamanna hafa leyfisveitingar í veitinga,- og gistirekstri verið töluvert til umræðu. Hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu vilja einfaldara regluverk í tengslum við leyfisveitingar. Þrátt fyrir að eftirspurn eftir gistirýmum hafi stóraukist á síðustu árum hefur fjölgun skráðra gistinátta verið minni en ætla mátti. Í skýrslu rannsóknarstofnunar atvinnulífsins frá 2014 kemur fram að stærsta vandamálið í gistiþjónustu sé fjöldi óskráðra og leyfislausra gististaða sem líklega standi ekki skil á öllum sköttum. Frumvarpinu sem er nú til meðferðar er m.a. ætlað koma til móts við þróun á markaði með því að einfalda regluverk leyfisveitinga. Samhliða einfaldara regluverki er ætlunin að efla eftirlit með leyfislausri starfsemi til að fá hana upp á yfirborðið.

Umræddar breytingar munu hafa talsverð áhrif á störf þeirra sem við málaflokkinn starfa þ.m.t starfsemi leyfisveitenda auk umsagnar,- og eftirlitsaðila.

Eftirfarandi samantekt hefur að geyma yfirlit yfir hvernig helstu tillögur til lagabreytinga, nái þær fram að ganga, muni hafa á starfsemi embættis sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur samantektin að geyma kostnaðarmat embættisins vegna fyrirhugaðra breytinga.

1. Skráningaskylda heimagistingar í stað rekstrarleyfis.

Í 10. gr. frumvarpsins er lagt til að heimagisting verði ekki lengur leyfisskyld. Þess í stað beri rekstraraðilum einungis að skrá heimagistingu hjá sýslumanni.

Samkvæmt frumvarpinu verður heimagisting takmörkuð við 90 daga á ári. Fari útleiga fram úr því marki þurfa rekstraraðilar að sækja um sérstakt leyfi.

Samkvæmt frumvarpinu verður rekstraraðilum gert að skrá heimagistingu á hverju ári. Skilyrði fyrir endurnýjaðri skráningu er m.a. að umsækjendur skili inn nýtingaryfirliti um seldar gistinætur fyrra skráningatímabils.



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Umrædd breyting mun hafa eftirfarandi kostnað í för með sér fyrir embættið:

1. A. Vefsíðugerð og forritunarvinna

Til að ná settu markmiði um einföldun, verður skráning heimagistingar að fara alfarið fram með rafrænum hætti. Nauðsynlegt er að útbúa í þessu skyni rafræna „leyfagátt“ á heimasíðu sýslumanna www.syslumenn.is Til að þetta sé unnt verður að leggjast í forritunarvinnu og kerfisvinnu til skráningar starfsemi og auðkenningu umsækjanda.

Áður en það er unnt þarf að eiga sér stað töluverð greiningarvinna. Ekki er til staðar miðlægt forrit sem getur tekið á móti skráningum og haldið utan um þær. Til að uppfylla lagaskyldu þarf forritið að gefa rekstraraðilum skráninganúmer til að nota í markaðssetningu sinni. Þá þarf forritið að vera útbúið einhvers konar auðkenningabúnaði sem styðst við rafræn skilríki.

Þá þarf að vera til staðar sjálfvirkur búnaður sem sendir tilkynningar á pósthöfund skráðra aðila til að minna þá á að endurnýja skráningu sína að ári liðnu.

Þá þarf töluverða forritunarvinnu til að breyta vefsíðu sýslumanna til að uppfylla lagaskyldu vegna opinberrar birtingar skráðrar starfsemi.

Hugmyndin er sú að skráningin fari að hluta til fram í gegnum starfskerfi sýslumanna sem nú er í vinnslu.

Þegar vefsvæðið er fullgert þarf að sinna utanumhaldi og rekstri þess.

Kostnaður vegna þarfagreiningar og undirbúningsvinnu: Fullt starf lögfræðings í einn og hálfan mánuð. (Þessi vinna yrði unnin í þágu allra sýslumannsembætta)

Beinn kostnaður við uppsetningu forrits og vefsíðugerð: kr. 8.000.000,- skv. upplýsingum frá Þjóðskrá með fyrirvara um að hvorki hafi farið fram greining á verkefninu né hönnun á útfærslu.

1. B. Aukin tíðni skráninga

Gangi umræddar breytingar í gegn má búast við að tíðni skráninga muni aukast. Ný lagaskilyrði munu gera það að verkum að starfsmenn þurfa að móttaka og yfirfara nýtingaryfirlit skráðra aðila á hverju almanaksári.

Má ætla að töluverð vinna felist í aukinni móttöku skráninga, sér í lagi yfirferð nýtingaryfirlita.

Þá mun skráningin eiga sér stað á árs fresti í stað leyfisveitingar á fjögurra ára fresti.

Þar sem skráning heimagistingar er endurnýjuð á árs fresti mun tíðni skráningar í stað umsókna væntanlega fjórfaldast. Mun afnám leyfisskyldu því ekki draga verulega úr verkefnaálagi þeirra starfsmanna sem nú annast móttöku umsókna.

Vanræki aðilar að skila inn nýtingaryfirliti eða fara fram úr leyfilegu umfangi heimagistingar, skal sýslumaður afskrá starfsemina eða synja um endurskráningu eftir atvikum. Við slíka ákvörðunartöku þarf að gæta ákvæða stjórnarsýslulaga um tilkynningu ákvörðunar, veitingu



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

andmælaréttar og svo framvegis.

Verða ákvarðanir þessar birtar aðilum með stefnuvotti eða á annan sannanlegan hátt. Þá eru ákvarðanir um synjun skráningar og afskráningar kærnanlegar til ráðuneytisins. Eru umræddar ákvarðanir þess eðlis að þær eru ekki unnar nema undir handleiðslu lögfræðings.

Umfang heimagistingar er mest á höfuðborgarsvæðinu. Má því búast við að álagið verði mest þar.

Um er að ræða vinnu sem unnin væri að hluta af lögfræðingum og að hluta til af almennu skrifstofufólki.

Kostnaður vegna móttöku og utanumhald með skráningu: Skrifstofustarfsmaður í hálfu starfi á höfuðborgarsvæðinu.

Kostnaður vegna stjórnarsýsluákvarðana um synjun skráningar og afskráningu: Lögfræðingur í fjórðungs starfi á höfuðborgarsvæðinu

Beinn kostnaður vegna birtinga ákvarðana með stefnuvotti/ábyrgðapósti: Kr. 100.000,- á ári fyrir birtingar á höfuðborgarsvæðinu (ef miðað er við 50 birtingar)

2. Flutningur eftirlits frá lögreglu til sýslumanna

Í 19. gr. frumvarpsins er gerð sú breyting á lögum nr. 85/2007 að eftirlit með heimagistingu, svo sem varðandi skráningarskyldu, skilyrði skráninga, tímalengd útleigu, skilum á nýtingaryfirlitum og óskráðri starfsemi, mun færast frá lögreglustjórum til sýslumanna. Getur sýslumaður leitað atbeina lögreglu til að loka óskráðri starfsemi þegar þess er þörf.

Samkvæmt nágildandi löggjöf hefur umrætt eftirlit verið í höndum lögreglu, sem á höfuðborgarsvæðinu skiptist á fimm lögreglustöðvar. Í Reykjavík og nágrenni hefur eftirlitið verið í höndum lögreglustöðvar á því svæði sem heimagisting fer fram. Gangi breytingar þessar í gegn mun eftirlit með heimagistingu færast frá lögreglustöðvum á höfuðborgarsvæðinu á einn stað undir embætti sýslumanns.

Með þessum breytingum er reynt að bregðast við gagnrýni um skort á eftirliti með leyfislausri skammtímaleigu. Vonir eru bundnar við að sameining eftirlits á höfuðborgarsvæðinu feli í sér jákvæð samlegðaráhrif, geri eftirlit virkara og auðveldi eftirfylgni mála.

Þá er það einnig í samræmi við almenna meðalhófsreglu að eftirlit með atvinnustarfsemi einstaklinga sé í höndum borgaralegra yfirvalda í stað lögreglu, sé það unnt.

Líkt og fram hefur komið er fyrirhugað að afnema leyfisskyldu heimagistingar. Við skráningu heimagistingar mun eiga sér stað takmarkaðri könnun af hendi leyfisveitanda en áður hefur verið. Samhliða því að afnema leyfisskyldu vegna heimagistingar er hugmyndin sú að takmarka heimagistingu við 90 daga útleigu á ári.

Afnám leyfisskyldu samhliða strangari skilyrðum um útleigutíma kallar á virkara eftirlit af



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

hálfu leyfisveitanda.

Eftirlit sýslumanns yrði m.a. fólgið í því að taka á móti og bregðast við ábendingum frá almenningi. Nú þegar eru slíkar ábendingar tíðar, en óánægja er til staðar meðal íbúa fjöleignahúsa vegna ónæðis í tengslum við leyfislausan rekstur.

Þar sem takmörkuð frumkönnun af hendi leyfisveitanda við skráningu mun eiga sér stað, er nauðsynlegt að komið verði á fót virku frumkvæðiseftirliti. Getur slíkt eftirlit m.a. falist í því að kanna vefsíður sem hafa milligöngu um skammtímaleigu til erlendra ferðamanna og bera saman við útgefin rekstrarleyfi og skráða starfsemi.

Grun um óskráðan rekstur þarf að rannsaka og staðfesta með eftirlitsferðum á vettvangi. Þegar atvik máls liggja fyrir er fyrst unnt að taka ákvörðun um mögulegar aðgerðir.

Í slíkum tilvikum yrði almennt skorað á viðkomandi aðila að skrá rekstur sinn áður en gripið yrði til frekari aðgerða. Slíkar áskoranir yrðu skriflegar og afhentar með stefnuvotti eða á annan sannanlegan máta.

Líkt og fram hefur komið er einnig fyrirhugað að sýslumaður gæti þess að skráningaskyld starfsemi uppfylli skilyrði laganna s.s um tímalengd útleigu.

Markmið eftirlitsins er á engan hátt ætlað að torvelda einstaklingum að haldi úti skráðri heimagistingu. Tilgangur eftirlitsins er fyrst og fremst sá, að fá hina óskráðu starfsemi upp á yfirborðið og draga úr svartri atvinnustarfsemi.

Í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins kemur fram sú breyting að sýslumanni sé heimilt að miðla upplýsingum úr nýtingaryfirliti aðila til skattayfirvalda. Í núgildandi löggjöf er ekki að finna sérstakar lagaheimildir til samstarfs leyfisveitanda og skattayfirvalda vegna eftirlits með óskráðri og leyfislausri starfsemi.

Er umrædd miðlun upplýsinga í samræmi við markmið frumvarpsins. Ætla má að breytingin kalli á aukið samstarf sýslumanns og skattayfirvalda við eftirlit.

Í 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins kemur fram sú nýjung að við skráningu skuli sýslumaður úthluta aðilum sérstöku skráningarnúmeri vegna heimagistingar. Skal skráningarskyldum aðilum skylt að nota skráningarnúmer sitt í allri markaðssetningu útleigu, þ.m.t. á vefsíðum, bókunarsíðum og auglýsingum hvers konar. Ber sýslumanni að sjá til þess að skilyrði þessi séu uppfyllt. Verður reglum þessum ekki framfylgt nema á grundvelli frumkvæðis rannsókna sýslumanns á bókunarsíðum og öðru auglýsingaefni aðila.

Gæti umrætt eftirlit verið að stórum hluta unnið af almennum starfsmönnum undir handleiðslu og á ábyrgð lögfræðings.

Ætla má að brot á ofangreindum ákvæðum leiði fyrst til áskorana og áminninga sem geta orðið undanfari íþyngjandi viðurlaga.

Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að bregðast við brotum á skráningarskyldu eða brotum á skráningarskyldri starfsemi með viðurlagaúrræðum. eru slík viðurlagaúrræði fólgin í



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

afturköllun skráningar eða banni við skráningu vegna ítrekaðra brota.

Í 20. gr. frumvarpsins má finna það nýmæli að sýslumönnum verði heimilt að leggja stjórnvaldssektir á einstaklinga sem reka óskráða heimagistingu, eða stunda útleigu lengur en 90 daga á ári. Þá verður sýslumönnum einnig veitt heimild til að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem ekki notar númer rekstrarleyfis eða skráningar í markaðssetningu.

Um er að ræða íþyngjandi úrræði sem verður ekki beitt nema að undangenginni vandaðri stjórnsýslumeðferð og veittum andmælarétti.

Kalla þessar breytingar allar á aukin samskipti við opinbera aðila og aukna úrskurðarvinnu. Raunhæfasta úrræðið væri að veita sýslumanni heimildir til ákvörðunar stjórnvaldssekta, en slík úrræði kalla einnig á vandaða stjórnsýslumeðferð.

Lögfræðingar annast alla úrskurðavinnu, áskoranir, ákvarðanatöku, bréfleg samskipti og vinnu vegna þeirra ákvarðana sem kærðar eru.

Tekið skal fram að töluverðrar óánægju hefur verið vart um skort á eftirliti með leyfislausri skammtímaleigu íbúðarhúsnæðis. Þær skýringar hafa verið gefnar að lögreglu skorti fjárhagslegt bolmagn til að sinna þessu verkefni sem skyldi. Verði af umræddum breytingum mun sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu yfirtaka verkefni frá fimm lögreglustöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Þá fela breytingar í sér ríkari kröfu um að sýslumenn sinni eftirliti að eigin frumkvæði en verið hefur hjá lögreglu.

Ofangreind verkefni hafa ekki verið á hendi sýslumanna hingað til.

Til þess að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu geti sinnt umræddri lagaskyldu þarf embættið að ráða starfsfólk til að sinna auknum verkefnum. Nauðsynlegt er að fullnægjandi fjárveitingar fáið frá upphafi til þess að tryggja að markmiðum breytinganna verði náð og forða því að breytingarnar valdi neikvæðum áhrifum.

Ætla má að umfang þessarar vinnu sé mismunandi eftir sýslumannsembættum. Óumdeilt er að stærsti hluti hinnar skráningaskyldu starfsemi er á höfuðborgarsvæðinu.

Um er að ræða vinnu sem unnin væri af almennum starfsmönnum og lögfræðingum.

Kostnaður vegna almennra eftirlitsmanna: Reiknað er með tveimur almennum starfsmönnum í fullu starfi við að sinna frumkvæðiseftirliti og ábendingum.

Kostnaður vegna lögfræðilegrar yfirumsjónar með eftirliti: Lögfræðingur í fjórðungs starfi á höfuðborgarsvæðinu.

Kostnaður vegna stjórnsýslusekta: Lögfræðingur í fjórðungs starfi á höfuðborgarsvæðinu.

Beinn kostnaður vegna birtingar ákvarðana með stefnuvotti/ábyrgðapósti: Kr. 200.000,- á ári fyrir birtingar á höfuðborgarsvæðinu (ef miðað er við 100 birtingar).



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

3. Rekstrarleyfi verða ótímabundinn

Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins verður sú breyting gerð á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald að útgefin leyfi verða ótímabundin í stað þess að vera gefin út til fjögurra ára í senn.

Þessi breyting mun hafa mikil áhrif á störf þeirra sem sinna eftirliti með umræddri starfsemi. Samkvæmt nógildandi löggjöf á sér m.a. stað endurúttekt á leyfisskyldri starfsemi við hverja endurnýjun rekstrarleyfis. Við breytinguna má ætla að umsóknum um endurnýjun rekstrarleyfa muni fækka á komandi árum. Í stað synjunar umsóknar um rekstrarleyfi samkvæmt nógildandi lögum, mun reyna meira á sviptingar rekstrarleyfa. Svipting rekstrarleyfis kæmi þá til álita í þeim tilvikum þegar rekstraraðilar brjóta gróflega gegn skilyrðum rekstrarleyfis eða uppfylla ekki lengur skilyrði leyfisveitingar.

Tilkoma ótímabundinna leyfa leggur ríkari athafnaskyldu á leyfisveitanda að beita áminningum og sviptingum vegna ábendinga frá eftirlitsaðilum. Verði ekki unnt að bregðast hratt og örugglega við slíkum ábendingum, geta hinir brotlegu aðilar starfað óáreittir án þess að leyfistími þeirra renni út.

Mat á því hvort að rekstraraðili brjóti gegn skilyrðum gildandi leyfis er mun vandasamara, en mat á því hvort að leyfisskyldur rekstur fari fram í leyfisleysi.

Varanleg svipting rekstrarleyfis er mjög íþyngjandi inngríp sem hefur hingað til einungis verið beitt sem algjöru lokaúrræði í framkvæmd. Ákveðinn eðlismunur er á synjun endurnýjunar og varanlegri sviptingu rekstrarleyfis. Varanleg svipting rekstrarleyfis er tímafrekari og vandmeðfarnari í framkvæmd. Þá hefur lögregla takmarkaðri heimildir til lokunar staða í tilvikum þar sem aðstæður leyfishafa hafa breyst á þann hátt að rekstraraðili uppfyllir ekki skilyrði til endurnýjunar skv. nógildandi lögum, en starfar þó áfram í skjóli hins ótímabundna leyfis.

Í einhverjum tilvikum geta ítrekuð brot á lögnum leitt til sektameðferðar hjá lögreglu. Er slík sektarmeðferð afar íþyngjandi ákvörðun sem verður ekki við komið nema að undangenginni vandvirkri stjórn-sýslumeðferð.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins verður það einnig hlutverk sýslumanns að fella brott rekstrarleyfi hafi ekki verið nein starfsemi af hálfu leyfishafa á þeim stað er fram kemur í leyfinu í samfelld 12 mánuði. Er leyfi á þessum grundvelli ekki brott fellt nema að undangenginni tilkynningu og veittum andmælarétti.

Þessar breytingar leiða til þess að stjórn-sýslumeðferð hjá leyfisveitanda verður tímafrekari. Til að leyfisveitandi geti brugðist tímalega við ábendingum þarf auka fjármagn og mannskap. Þá er ákvörðun um sviptingu rekstrarleyfis þess eðlis að ákvörðun leyfisveitanda er kærð í flestum tilvikum.

Stjórn-sýslumeðferð vegna sviptingar rekstrarleyfis eru alfarið unnar af lögfræðingum:



Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu

Kostnaður vegna stjórnarsýslumeðferðar um sviptingar og niðurfellingu rekstarleyfa:
Lögfræðingur í hálfu starfi á höfuðborgarsvæðinu.

Beinn kostnaður vegna birtingar ákvarðana með stefnuvotti/ábyrgðapósti: Kr. 200.000,- á ári fyrir birtingar á höfuðborgarsvæðinu (ef miðað er við 100 birtingar).

Heildarkostnaður:

I. Stofnkostnaður kr. 9.020.000

Kr. 8.000.000,- vegna vefsíðugerðar og forritunarvinnu

Kr. 1.020.000: Ein staða lögfræðings í 1 og ½ mánuð vegna tímabundinnar þarfagreiningar í tengslum við vefsíðu,- hönnunar og forritunarvinnu

II. Árlega laun og birtingar kr. 23.670.000

Kr. 500.000,- vegna birtinga ákvarðana í umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu (ef miðað er við 250 stefnubirtingar/ábyrgðasendingar á ári)

Launakostnaður kr. 23.170.000 sundurliðast þannig:

Kr. 10.200.000: 1 ¼ staða lögfræðings hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu

Kr. 12.970.000: 2 ½ staða almennra starfsmanna hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu

Virðingafyllst

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu